

8

Veghönnunarreglur

08 Yfirborðsmerkingar



VER-0126 Veghönnunarreglur
01.09.2019

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitsgerðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

EFNISYFIRLIT:

8.1 Inngangur	2
8.2 Merkingar langsum eftir akbraut	3
8.2.1 Miðlína	4
8.2.2 Deililína	5
8.2.3 Kantlína	6
8.2.4 Aðrar línur	7
8.2.5 Notkun	8
8.3 Merkingar þversum á akbraut	9
8.3.1 Stöðvunarlína	9
8.3.2 Biðskyldumerking	9
8.3.3 Gangbraut	10
8.4 Aðrar merkingar	11
8.4.1 Bannsvæði	11
8.4.2 Stefnuörvar og áletranir	12
8.4.3 Bifreiðastæði	12
8.5 Notkun yfirborðsmerkinga	13
8.5.1 Miðlína á vegamótum með forgangi	13
8.5.2 Kantlínur	13
8.5.3 Þrengingar	13
8.5.4 Vegriffur	13
8.5.5 Hraðahindranir	14
8.5.6 Hvinrendur	14
8.6 Teikningar	15

8.1 Inngangur

Reglur um yfirborðsmerkingar byggja á umferðarlögum nr. 50/1987 og reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, með síðari breytingum.

Með yfirborðsmerkingum er átt við málningu, sprautuplast, vegmössun og vegmerkingar sem bræddar eru á vegyfirborð. Yfirborðsmerkingar skulu vera hvítar með undantekningum varðandi sérmerkingar. Á vinnusvæðum skulu yfirborðsmerkingar vera gular sem og bann við að leggja eða stöðva ökutæki.

Yfirborðsmerkingar skulu stuðla að umferðaröryggi og greiðfærni. Við breytingar á vegi skal afmá yfirborðsmerkingar sem ekki eiga lengur við. Yfirborðsmerkingar skulu leiðbeina öikumönnum og upplýsa þá um aðstæður, t.d. um hvort vegsýn sé takmörkuð.

Reglugerðin skiptir yfirborðsmerkingum í þrjá flokka:

- L. Merking langsum eftir akbraut
- M. Merking þversum á akbraut
- N. Aðrar merkingar á yfirborði vega

8.2 Merkingar langsum eftir akbraut

Merkingar langsum eftir akbraut eru:

Miðlína

-er milli umferðarstrauma í gagnstæðar áttir

Deililína

-er milli umferðarstrauma í sömu átt

Kantlína

-markar brún akbrautar

Aðrar línur

8.2.1 Miðlína

Sjá teikningu 1.

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Miðlína (L1x-2x) er milli umferðar í gagnstæðar áttir. Veg utan þéttbýlis sem er með 5,5 m breiða akbraut eða breiðari skal marka með miðlínu. Óháð breidd akbrautar skal einnig marka akbraut með miðlínu þar sem vegsýn er takmörkuð, áður en komið er að gangbraut, stöðvunarlínu, umferðareyju, umferðarmerki á akbraut eða stað þar sem fyrirstaða er á akbraut.“

Miðlínur eru að jafnaði 100 mm að breidd. Bil á milli samsettra lína skal vera jafnt breidd lína. Gerð miðlínu ræðst af vegsýn sem er skilgreind í veghönnunarreglum í kafla 3.6.

L11 Óbrotin lína

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Óbrotin lína (hindrunarlína)(L11) sem gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til.“

Óbrotin lína er notuð þegar vegsýn er styttri en mætilengd. Óbrotna línu skal einnig nota við umferðareyjar, bannsvæði og gangbrautir og skal lengd hennar vera minnst hálf stöðvunarlengd.

L12 Óbrotin lína, tvöföld

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Miðlína milli umferðar í gagnstæðar áttir á vegi með fleiri en tvær akreinar skal vera tvöföld (L12).“

L21 Hálfbrotin lína

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Hálfbrotin lína (L21) (línun þrisvar sinnum lengri en bilið) sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð.“

Línun er notuð þar sem vegsýn er minni en framúraksturslengd en meiri en mætilengd.

L22 Hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu (samsett lína)

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu (L22) sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir línurnar og óheimilt nema með sérstakri varúð og að hættulegt sé og óheimilt að aka yfir þær þeim megin frá sem heila línun er.“

L23 Fullbrotin lína

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Fullbrotin lína (L23) (línun einn þriðji af bilinu) sem gefur til kynna að aka megi yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar.“

Línun er notuð þar sem vegsýn er meiri en framúraksturslengd.

L24 Fullbrotin lína

Í 23. gr. reglugerðar segir:

„Fullbrotin lína við hliðina á heilli línu (L24) sem gefur til kynna að aka megi yfir línurnar þeim megin frá sem brotna línun er, enda sé gætt fyllstu varúðar, og að hættulegt sé og óheimilt að aka yfir þær þeim megin frá sem heila línun er.“

8.2.2 Deililína

Sjá teikningu 2.

Í 24. gr. reglugerðar segir:

„Deililína (L3x) er milli umferðar í sömu átt á akbraut, enda sé breidd hverrar reinar 2,75 m eða meiri fyrir vélknúin ökutæki en 1,25 m eða meiri fyrir hjólareinar. Línur sem marka akreinar fyrir almenna umferð skulu vera 100-150 mm breiðar en þær sem marka aðreinar, fráreinar eða akreinar fyrir sérstaka umferð, t.d. strætisvagna, skulu vera 200-300 mm breiðar.“

Nota skal óbrotnar línur þar sem óheimilt er að skipta um akrein.

L31 óbrotin lína

Í 24. gr. reglugerðar segir:

„Óbrotin lína (hindrunarlína) (L31) sem gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til.“

Nota skal óbrotna línu á 25 m í byrjun aðreina.

Nota skal óbrotna línu á loka þriðjungi fráreina, lengd óbrotinnar línu skal þó ekki vera lengri en 1/3 af lengd reinarinnar.

Sérreinar, fyrir t.d. reiðhjól, áætlunarbíla, skal afmarka með 200 mm breiðri óbrotinni deililínu og áletrun.

L32 brotin lína

Í 24. gr. reglugerðar segir:

„Brotin lína (L32) sem gefur til kynna að aka megi yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar.“

Kíl, aðrein eða frárein styttri en 30 m, skal afmarka með brotinni deililínu L32_2-2.

Þar sem aðrar sérreinar byrja og enda skal merkja með brotinni deililínu L32_2-2.

Nota skal brotna línu L32_2-2, á fráreinar og aðreinar, fyrir/eftir óbrotna línu.

Í byrjun og enda sérreinar fyrir reiðhjól, eða þar sem önnur ökutæki mega þvera sérreinina, t.d. við innkeyrslur, skal merkja með 200 mm breiðri brotinni deililínu L32_0,5-0,5.

Akreinar í hringtorgum skal aðskilja með brotinni deililínu L32_2-2.

8.2.3 Kantlína

Sjá teikningu 3.

Í 25. gr. reglugerðar segir:

„Kantlína (L4x) markar brún akbrautar. Kantlínur skulu vera 100-200 mm breiðar.“

Kantlína skal vera langsum eftir ytri brún akreina. Línan skal ekki vera nær slitlagsbrún eða kantsteini en 100 mm. Ekki skal rjúfa kantlínur við minni háttar tengingar, t.d. að túnum og vegslóðum. Meta skal þörf á kantlínu á vegi með kantsteini og veglýsingu.

L41 óbrotin lína

Í 25. gr. reglugerðar segir:

„a. Óbrotin lína (L41) sem markar þann hluta akbrautar sem ætlaður er ökutækjum. Óheimilt er að aka yfir hana nema nauðsyn beri til og skal þá gætt ýtrustu varúðar.“

L42 brotin lína, 3 – 3

Í 25. gr. reglugerðar segir:

„b. Brotin lína (L42) (línan jafn löng bilinu) sem markar brún akbrautar á mjóum vegi sem ekki er markaður með miðlínu eða þar sem er ekki brýn þörf á óbrotinni kantlínu. Heimilt er að aka yfir brotna kantlínu, enda sé gætt fyllstu varúðar.“

L43 brotin lína, 2 – 2

Í 25. gr. reglugerðar segir:

„Brotnar kantlínur (L43) marka að auki akbraut gagnvart hliðarvegi, útskotum, bifreiðastæðum og leiðum að og frá þjónustustöðum. Heimilt er að aka yfir brotna kantlínu, enda sé gætt fyllstu varúðar.“

8.2.4 Aðrar línur

Sjá teikningu 3.

L44 stýrilína, 1 – 1

Í 26. gr. reglugerðar segir:

„Stýrilína (L44) er brotin lína sem nota má til þess að afmarka sérstakar akreinar fyrir umferð sem beygir á vegamótum. Stýrilínur skulu vera 100-200 mm breiðar.“

Stýrilínur eru aðeins notaðar á ljósastýrðum vegamótum þar sem talin er ástæða til t.d. þar sem aka þarf yfir 2 eða fleiri akreinar í vinstri beygju.

Í 22. gr. reglugerðar segir:

„Á vinnusvæðum þar sem breyta þarf legu akbrauta tímabundið á meðan framkvæmdir standa yfir skulu yfirborðsmerkingar vera með gulum lit.“

N51 gul óbrotin lína

Í 33. gr. reglugerðar segir:

„Gul óbrotin lína (N51) á eða meðfram brún akbrautar afmarkar nánar bann við því að ökutæki sé stöðvað þar.“

N52 gul brotin lína, 3 – 3

Í 33. gr. reglugerðar segir:

„Gul brotin lína (N52) á eða meðfram brún akbrautar afmarkar nánar bann við því að ökutæki sé lagt þar.“

8.2

Yfirborðsmerkingar Merkingar langsum eftir akbraut



8.2.5 Notkun

Merkingar langsum eftir akbraut:	Tákn:		Leyfilegur hámarkshraði [km/klst]								
			≤50 km/klst			60-70 m/klst			≥80 km/klst		
Miðlína -er milli umferðar í gagnstæðar áttir	Nr.		A	B	C	A	B	C	A	B	C
Óbrotin lína (hindrunarlína)	L11				100			100			100
	L12							100			100
Hálfbrotin lína	L21		3	1	100	9	3	100	9	3	100
Hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu	L22				100			100			100
Fullbrotin lína	L23		1	3	100	3	9	100	3	9	100
Fullbrotin lína við hliðina á heilli línu	L24				100			100			100
Deililína -er milli umferðar í sömu átt á akbraut	L3x										
Óbrotin lína	L31				100			100			100
		Sérrein			200			200			200
		Sérrein, reiðhj			200			200			-
Brotin lína	L32		1	3	100	3	9	100	3	9	100
		Frárein/aðrein	2	2	200	2	2	200	2	2	200
		Hringtorg	2	2	100	2	2	100	2	2	100
		Framúraksturs-vasar	1	3	100	1	3	100	1	3	100
		Sérrein	2	2	200	2	2	200	2	2	200
		Sérrein, reiðhj	0,5	0,5	200	0,5	0,5	200	0,5	0,5	200
Kantlína -markar brún akbrautar	L4x										
Óbrotin lína	L41				100			100			100
Brotin kantlína	L42		3	3	100	3	3	100	3	3	100
											200
Brotin kantlína	L43		2	2	100	2	2	100	2	2	100
Stýrilína -má nota á ljósastýrðum vegamótum t.d. þar sem aka þarf yfir 2 eða fleiri akreinar í vinstri beygju.	L44										
			1	1	100	1	1	100	1	1	100

Skýringar:

A: Lengd línu [m]

B: Lengd bils [m]

C: Línubreidd [mm] Ath. 100 mm deililínu og miðlínu má breikka í 120 mm þar sem leyfilegur hámarkshraði er ≥90 km/klst.

8.3 Merkingar þversum á akbraut

Sjá teikningu 4.

8.3.1 Stöðvunarlína

Í 27. gr. reglugerðar segir:

„Stöðvunarlína (M11) er óbrotin lína þvert á akbraut og sýnir hvar nema skal staðar við vegamót eða gangbrautarljós. Breidd stöðvunarlínu skal vera 300-600 mm.“

M11 Stöðvunarlína

Ávallt skal setja stöðvunarlínur við umferðarljós, gangbrautarljós og umferðarmerki B19.11; Stöðvunarskylda við vegamót. Breidd stöðvunarlínu er almennt 500 mm.

Viðmiðunarlengd um fjarlægð stöðvunarlínu á hliðarvegi frá vegkanti aðalvegjar. Gildir ekki á ljósaströum vegamótum.

Flokkun	Fjarlægð stöðvunarlínu frá vegkanti
Leyfilegur hámarks hraði ≥ 80 km/klst	5 m
Leyfilegur hámarks hraði < 80 km/klst	2 m

Stöðvunarlína skal staðsett þannig að ökumenn sem stöðva við línuna hafi eins gott útsýni yfir vegamótin og mögulegt er.

8.3.2 Biðskyldumerking

Í 28. gr. reglugerðar segir:

„Biðskyldumerking (M12) er röð þríhyrninga þvert á akbraut. Hún sýnir frá hvaða stað á akbrautinni ökumaður hefur biðskyldu við vegamót. Breidd biðskyldumerkingar skal vera 300-600 mm.“

M12 biðskyldumerking

Biðskyldumerking skal vera á móts við umferðarmerki A06.11; Biðskylda. Breidd biðskyldumerkinga er 500 mm.

Viðmiðunarlengd um fjarlægð biðskyldumerkinga á hliðarvegi frá vegkanti aðalvegjar

Flokkun	Fjarlægð biðskyldumerkingar frá vegkanti
Leyfilegur hámarks hraði ≥ 80 km/klst	5 m
Leyfilegur hámarks hraði < 80 km/klst	2 m

8.3.3 Gangbraut

Í 29. gr. reglugerðar segir:

„Gangbraut (M13) yfir akbraut skal að jafnaði merkt með hvítum samhliða röndum langsum á vegi. Heimilt er þó að merkja gangbraut með tveimur óbrotnum línunum þvert yfir akbrautina.“

Breidd gangbrauta skal vera 2,5-3,0 m.

Gangbraut skal ávallt vera á móts við umferðarmerki D02.11 og sem næst hornrétt á veg.

M13 Gangbraut

M13a Gangbraut með óbrotnum línunum

Gangbraut við umferðarljós skal merkt með óbrotnum línunum.

8.4 Aðrar merkingar

8.4.1 Bannsvæði

Í 30. gr. reglugerðar segir:

„Bannsvæði (N11) er svæði á vegi eða götu sem ekki eru ætlað umferð eða stöðu ökutækja. Bannsvæði skal afmarka með óbrotnum línnum og auðkenna með skálínum sem mynda sem næst 45° horn við akstursstefnu. Breidd skálína skal vera 200-500 mm.“

N11 Bannsvæði

Leyfilegur hámarkshraði [km/klst]	Bil á milli skálína	Breidd skálína	Breidd markalína
50-70	3 m, má vera 6 m ef svæði er upplýst	200 mm	200 mm
≥ 80	6 m	200 mm	200 mm

Þrengsti endi bannsvæða skal vera fylltur ef lengd bannsvæðisins fer yfir 50 m.

Þar sem kantsteinar eru skulu endar á markalínnum bannsvæða ná að kantsteinum og vera samsíða þeim í 200 mm fjarlægð.

Bannsvæði skulu ekki vera mjórri en 1 m.

Sleppa skal þverlínnum ef lengd bannsvæðis er ≤ 4 m.

Þverlínur skulu að lágmarki vera tvær.

8.4.2 Stefnuörvar og áletranir

Í 31. gr. reglugerðar segir:

„Stefnuör (N2x). Áletranir (N3x). Stefnuör á akbraut bendir á þá akrein sem nota skal ef ætlunin er að aka í þá átt sem örin vísar. Önnur tákn, s.s. táknmyndir umferðarmerkja eða letur má setja á akbraut til að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi. Miðja stefnuörva og áletrana skal alltaf vera á miðju akbrautar. Stefnuör á akbraut bendir á þá akrein sem nota skal ef ætlunin er að aka í þá átt sem örin vísar.“

Leyfilegur hámarkshraði [km/klst]	Stærðarflokkur stefnuörva	Stærðarflokkur stefnuörva
≥80 km/klst	Stórar	Stórar
≤70 km/klst	Lítlar	Lítlar

N21 Stefnuörvar

Stefnuörvar skal nota á vegamótum með tveimur eða fleiri akreinum í sömu aksturstefnu og ef akrein endar sem beygjurein. Ör skal staðsett 10 m frá enda akreinar. Fjarlægð á milli örva skal vera 40 m.

N25

Örvar fyrir akreinaskipti skal nota á akrein sem sameinast annarri með sömu akstursstefnu.

N3x Áletranir

Áletranir:

- skal ávallt nota með og í samræmi við viðeigandi umferðarmerki, skv. 31. gr. reglugerðar.
- skulu vera bjagaðar (skalaðar lóðrétt) til ökumenn sjái þær rétt.
- skulu að jafnaði vera hvítar. Þó er heimilt er að nota táknmynd umferðamerkja.

Leturgerð texta og talna skal vera Transport Heavy (Vegagerd) og stærð skv. eftirfarandi:

Hæð [m]	Lóðrétt stækkun	Leyfilegur hámarkshraði [km/klst]
1,6	300%	≤50 km/klst eða minni
4	400 %	≥60 km/klst eða meiri

Dæmi:



8.4.3 Bifreiðastæði

Í 32. gr. reglugerðar segir:

„Bifreiðastæði (N41) eru merkt með hvítum 100 mm óbrotnum línnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna. Bifreiðastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt með umferðarmerki. Jafnframt er heimilt að merkja stæðin með áletrun til samræmis við merkið.“

Leiðbeinandi stærðir almennra bifreiðastæða má sjá á teikningu 18.

8.5 Notkun yfirborðsmerkinga

Sjá einnig teikningar.

8.5.1 Miðlína á vegamótum með forgangi

- Miðlína á aðalvegi skal vera óbreytt við tengingar (fáfarnar inná- og útafkeyrslur inn á tún o.þ.h.).
- Miðlína á aðalvegi skal vera óbreytt þar sem hraði er ≤ 50 km/klst.
- Þar sem hraði er > 50 km/klst skal sleppa miðlínu á aðalvegi á móts við hliðarveg á um 12-24 m löngum kafla, háð breidd hliðarvegar.
- Þar sem hraði er ≥ 70 km/klst og umferð á hliðarvegi ≥ 100 bílar/shr* skal jafnframt setja óbrotna miðlínu í fjarlægðinni L_s áður en komið er að vegamótunum. **
- Á hliðarvegi skal vera óbrotin miðlína næst vegamótum, $l \geq 90$ m. **

*SDU eða VDU, miða skal við hærra gildið.

**Þar sem aðstæður leyfa er heimilt er að setja háfbrotna eða fullbrotna línu við hliðina á heilli línu.

8.5.2 Kantlínur

- Kantlína skal vera óbreytt við tengingar (fáfarnar inná- og útafkeyrslur inn á tún o.þ.h.).
- Kantlínu má sleppa þar sem kantsteinn afmarkar akbraut.
- Vegamót með vegvísium skal merkja með óbrotinni kantlínu. Lágmarkslengd kantlínu er 50 m á hliðarvegi og 100 m á aðalvegi, til hvorrar handar frá hliðarvegi. Jafnframt skal kantlína ná út fyrir mögulegar umferðareyjar og bannsvæði á miðju vegar.
- Kantlína við önnur vegamót skal vera brotin 2-2.
- Kantlína á framúrakstursvösum skal vera óbrotin og fylgja ytri brún vasa. Ekki skal merkja akrein beint áfram sérstaklega nema ef ástæða þykir til. Þá skal hún merkt með brotinni deililínu 1-3.

8.5.3 Þrengingar

Allar þrengingar s.s. brýr og ristarhlið skal merkja með kantlínunum.

8.5.4 Vegriffur

Vegriffur:

- vekja athygli ökumanna á að þeir séu í þann veginn að aka út af vegi eða yfir á akrein með umferð í gagnstæða átt.
- eru ávallt staðsettar í eða utan við kantlínu.
- skulu ekki settar nær íbúðarhúsnæði en 150 m.
- eru fræstar í malbik eða upphleypur.

Notkunarvið	Breidd	Lengd	Bil milli riffla	Dýpt
Í eða við kantlínu	300 mm	150 mm	300 mm	10 ± 2 mm
Í eða við kantlínu meðfram miðjuvegriði	300 mm	150 mm	300 mm	10 ± 2 mm
Í eða við miðlínu	300 mm	150 mm	300 mm	10 ± 2 mm

8.5.5 Hraðahindranir

Allar hraðahindranir (öldur) skal merkja.

8.5.6 Hvinrendur

Hvinrendur eru þverrendur á veg, byggðar upp með vegmerkingarmassa, um 4-6 mm þykkar.

Hvinrendur má nota þar sem ökuhraði er lækkaður, t.d.:

- þar sem malbik endar.
- við aðkomu að þéttbýli.
- áður en komið er að vegamótum.

Hvinrendur eru 200 mm breiðar. Forðast skal notkun þeirra nærri íbúðabyggð þar sem þær valda hávaða. Ef merkja á hámarkshraða á vegyfirborð skal viðeigandi áletrun sett í fyrsta og næstsíðasta bil.

Rendur nr.	1-2	2-3	3-4	4-5	5-6	6-7	7-8	(8-9)	Heildarlengd svæðis
Bil milli randa [m]	10	10	15	15	20	25	30	(30)	125 m (155 m)

8.6 Teikningar

1. Merkingar langsum eftir akbraut, miðlína
2. Merkingar langsum eftir akbraut, deililína
3. Merkingar langsum eftir akbraut, kantlína
4. Merkingar þversum á akbraut
5. Aðrar merkingar á yfirborði vega, stefnuörvar 1
6. Aðrar merkingar á yfirborði vega, stefnuörvar 2
7. Aðrar merkingar á yfirborði vega, stefnuörvar 3
8. Aðrar merkingar á yfirborði vega, áletranir
9. T-vegamót / Framúrakstursvasi
10. T-vegamót með kantsteini og gangbraut
11. Þrenging
12. Bannsvæði
13. Hringtorg
14. Vegamót með ljósastýringu 1
15. Vegamót með ljósastýringu 2
16. Gangbraut og alda
17. Akrein endar
18. Bílastæði
19. Hvinrendur
20. Hjólarein
21. Að- og fráreinar
22. Stefnugreind vegamót

Miðlína

L11 Óbrotin lína, breidd 100 mm



L12 Óbrotin lína, tvöföld, breidd alls 300 mm



L21 Hálfbrotin lína, breidd 100 mm:

L21 Hálfbrotin lína, 3-1



L21 Hálfbrotin lína, 9-3



L22 Hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu, 3-1, heildarbreidd 300 mm




L22 Hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu, 9-3, heildarbreidd 300 mm




L23 Fullbrotin lína, breidd 100 mm:

L23 Fullbrotin lína, 1-3



L23 Fullbrotin lína, 3-9



L24 Fullbrotin lína við hliðina á heilli línu, 1-3, heildarbreidd 300 mm



L24 Fullbrotin lína við hliðina á heilli línu, 3-9, heildarbreidd 300 mm




Deililína


L31 Óbrotin lína, breidd 100, 200 mm



L32 Brotin lína, 1-3, breidd 100 mm



L32 Brotin lína, 3-9, breidd 100 mm




L32 Brotin lína, 0,5-0,5, breidd 200 mm



L32 Brotin lína, 2-2, breidd 200 mm



L32 Brotin lína, 2-6, breidd 100 mm



Kantlína


L41 Óbrotin lína, breidd 100 mm



L42 Brotin kantlína, 2-2, breidd 100 mm




L43 Brotin kantlína, 3-3, breidd 100 mm




Stýrilína

L44 Stýrilína, 1-1, breidd 100 mm




Merkingar þversum á akbraut


M11 Stöðvunarlína



M12 Biðskyldumerking



M13 Gangbraut



M13a Gangbraut með óbrotnum línum



Merkingar þversum á akbraut
Teikning 4


8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar




Aðrar merkingar á yfirborði vega
Stefnuörvar


N21, stefnuör, lítil, beint




N21a, stefnuör, stór, beint



N22, stefnuör, lítil, beygja



N22a, stefnuör, stór, beygja



Stefnuörvar N21, N22
Teikning 5


Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur


Útgáfa 1. 9. 2019

Aðrar merkingar á yfirborði vega
Stefnuörvar

N23, stefnuör, lítil, beint og beygja




N23, stefnuör, stór, beint og beygja




Aðrar merkingar á yfirborði vega
Akreinaörvar

N24, akreinaör, lítil



N24, akreinaör, stór





8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar




Áletranir
Nokkur dæmi

Akrein



T-vegamót

Heimilt er að sleppa kantlínu á vegi með kantsteini og veglýsingu.




8.6


Yfirborðsmerkingar Teikningar



T-vegamót, með kantsteini



T-vegamót, án kantsteins



Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur

T-vegamót
Teikning 10


Útgáfa 1. 9. 2019

8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar



Þrenging





8.6


Yfirborðsmerkingar Teikningar




Bannsvæði




Bannsvæði / frárein



Hringtorg, tvær akreinar, með kantsteini



Hringtorg, ein akrein,
án kantsteins með gangbraut




Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur

Hringtorg
Teikning 13

Útgáfa 1. 9. 2019

Vegamót með ljósastýringu




Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar



Vegamót með ljósastýringu



Stýrilína, L44, 1-1, b=100 mm

Vegamót með ljósastýringu
Teikning 15

Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur


Útgáfa 1. 9. 2019

8.6


Yfirborðsmerkingar Teikningar




Alda, upphækkuð hraðahindrun
Stærð öldu er miðuð við leyfilegan hámarks hraða 50 km/klst



Upphækkuð hraðahindrun með gangbraut
Stærð upphækkunar er miðuð við leyfilegan hámarks hraða 50 km/klst




Þéttbýlishlið, breyta bannsvæði og merkja inn hvar skiltin eiga að vera



Æskilegt bil milli randar og kants er 100 - 250 mm

Gangbraut
Leyfilegur hámarks hraði ≤ 50 km/klst



Alda
Þéttbýlishlið
Gangbraut
Teikning 16

Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram


8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar




Alda, upphækkuð hraðahindrun

Stærð öldu er miðuð við leyfilegan hámarks hraða 50 km/klst




Upphækkuð hraðahindrun með gangbraut

Stærð upphækkunar er miðuð við leyfilegan hámarks hraða 50 km/klst




Þéttbýlishlið, breyta bannsvæði og merkja inn hvar skiltin eiga að vera



Æskilegt bil milli randar og kants er 100 - 250 mm

Gangbraut

Leyfilegur hámarks hraði ≤ 50 km/klst



Alda
Þéttbýlishlið
Gangbraut
Teikning 16

Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur


Útgáfa 1. 9. 2019

8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar



Akrein endar



Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram


Akrein endar
Teikning 17

8.6


Yfirborðsmerkingar Teikningar




B90:




B60:



B45:



B180:



Þar sem bílastæði eru við lóðréttu hindrun skal bæta við 0,25 m
Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram


Bílastæði, leiðbeinandi stærðir
Teikning 18

8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar



Hvinrendur
Hér sýndar við T-vegamót




Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur

Hvinrendur
Teikning 19

Útgáfa 1. 9. 2019

Sérrein fyrir reiðhjól




8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar



Aðrein / Frárein



Öll mál eru í m nema annað sé tekið fram

Veghönnunarreglur

Aðrein / Frárein
Teikning 21

Útgáfa 1. 9. 2019

8.6

Yfirborðsmerkingar Teikningar



Stefnugreind vegamót
án kantsteins

